TÆKIFÆRI

GUFUNES: ANDSTÆÐA VIÐ REYKJAVÍK 101

Í Gufunesi felast óteljandi þróunartækifæri; fyrsta spurningin sem við þurfum að velta fyrir okkur er: hverjum erum við að þjóna - hvers konar umhverfi og samfélag viljum við byggja upp?
Leiðarljós og markmið: Þjóna starfsemi sem hentar illa innan borgarmarkanna / miðbæ Reykjavíkur
-Losa um pressu sem m.a. ferðamannaiðnaðurinn setur á miðborgina og önnur nærliggjandi svæði
-Skapa jákvæðar forsendur fyrir skapandi iðnað, frumkvöðlastarfsemi, menningu og atburði á sviði tónlistar, kvikmynda, lista, hönnunar og tísku, ásamt sprotafyrirtækjum og öðrum smágerðum og hreinlegum atvinnurekstri
-Þjóna ævintýralegum frumbyggjum og ungum fjölskyldum sem kann að meta óhefluð séreinkenni svæðisisins og kýs að búa í suðupotti borgarbragsins



REYKJAVÍK 101

≠

GUFUNES

FRÍRÍKI FRUMKVÖÐLA

TILLAGA AÐ RAMMASKIPULAGI

Gufunus er einstakur staður þar sem iðnaðarmannvirki, manngert landslag, afþreying, útivist, spennandi atvinnu- og íbúðarhverfi og stórfengleg sjávarsíða munu mynda órjúfanlega heild. Vegna staðaranda og legu hefur Gufunes alla burði til þess að verða borgarhluti sem sker sig úr fjöldanum, einskonar fríríki þar sem tækifæri og upplifun verða í forgunni. Gufunes verður blönduð byggð fyrir íbúðir, smávaxinn atvinnurekstur, skapandi iðnað, menningu, menntun, sýningar- og atburði, ferðamannaiðnað, íþróttir og sjálfbærar samgöngur. Þessi náttúru- og iðnaðarperla mun skera sig úr fjöldanum og þjóna þeim sem kunna að meta óhefluð séreinkenni svæðisisins og kjósa að búa í suðupotti borgarbragsins.

Meginmarkmið tillögunnar er að mynda ramma almenningssvæðis utan um sveigjanlega og sjálfbæra byggðarþróun með það að leiðarljósi að skapa forsendur fyrir fjölbreytt og skapandi samfélag þar sem gott er að búa í, starfa, upplifa og njóta lífsins.



samþætt rammaskipulag



samfelt stígakerfi meðfram sjávarsíðu fyrir göngu- og hjólreiðafólk ásamt góðum tengingum og sjónlínum við byggðarkjarnann



útivist- og afþreying myndar opið og grænt belti á milli úthverfanna og þéttrar borgarbyggðar í Gufunesi syðri rönd byggðarkjarnans er 'mjúk' og óformleg sem veitir tækifæri fyrir samspili á milli byggingargerða og umhverfi

endurgerð á gömlum byggingum og endurnotkun á byggingarefnum sem falla frá



öflugt stígakerfi gerir tengir græna beltið við umhverfið og gerir það aðgengilegra og sýnilegra



þróunarreitir og niðurhólfun á starfsemi
- í byggðarkjarna
- á afþreyingar- og útivistarsvæði (ásamt sjósporti)

Fyrir uppbyggingu svæðisins eru tveir þættir mikilvægir; á hvaða tímabili er hægt að þróa reiti og ófyrirsjáanleiki starfseminnar. Rammaskipulagi stuðlar að sveigjanlegri þróun óháð hraða og eftirspurn markaðarins. Áfangaskipting sem kynnt er í tillögunni er einungis hugmynd sem hægt er að endurskoða með verkkaupa og hagsmunaaðilum.



Þróun uppbyggingar og áfangaskipting

T=1

T=2



T=3

T=4

SJÁLFBÆR ÞRÓUN



Gufunes 1/3.000
hjarta samfélagsins (the place to be)
svæði 4.5 m yfir sjávarmáli
verður ekki byggð
grænt og vistlegt svæði ásamt
vatnsskurðum skerst inn í byggðina
sjávarsíða er samfelt og hágæða
almenningssvæði
Þróun svæðisins er óháð
komu Sundabrautar en
útilokar ekki komu hennar
mögulegir framtíðarþróunarreitir
fyrir útivist og afþreyingu
16979


hótel og veitingahús
miðstræti
skybar / næturklúbbur
hjólastígur
tímabundin matarmarkaður
(-2022) sýningarsalur
girðing (-2022) skilur ÍG að frá frumkvöðlasamfélagi
blönduð starfsemi
íbúðir með sameig-
inlegum garði
Íslenska Gámafélagið (-2022) Gámafélagið
frumkvöðlafyrirtæki
vinnustofur lista-
manna stamenn
veitingahús
hjólastígur
stássstofa Gufuness
RVK Studio´s
hjólaleiga og upplýsingamiðstöð
lobbý / kaffihús
fjörukaffi
smábátahöfn
lobbý / kaffihús
ylströnd
fjörukaffi
bátastrætó með reiðhjólum
heitir pottar
fljótandi sundlaug
FYRSTI ÁFANGI
16979